

Varðandi próftíð:

- Skoðið vel **próftöflu** í INNU. Athugið að próf hefjast ýmist kl. 9 eða 13 (og eitt kl. 12).
- **Stofutöflur** birtast á upplýsingaskjáum að morgni prófdags.
- Ef einhver kemst ekki í próf vegna veikinda þarf að tilkynna það í Innu **áður en** próf hefst. Ekki er hægt að láta vita eftir á. Sjúkra-/forfallapróf verða 26. og 27. maí.
- Munið að taka ekkert með ykkur inn í prófstofu annað en pennaveski og leyfileg hjálpargögn. Aðeins nauðsynleg ritföng og leyfileg hjálpargögn mega vera á prófborðinu. Geymið pennaveski á gólfinu við hliðina á sætinu ykkar meðan þið takið prófið. Óleyfileg hjálpargögn þýða ógilt próf.
- **Ekki má hafa nein snjalltæki** á sér í prófsæti (hvort sem er sími, snjallúr eða önnur tæki). Hægt er að geyma þau í símakassa á kennaraborðinu. Stillið síma á flugstillingu.
- **Yfirhafnir og töskur** þarf að geyma annarsstaðar. Nýtið ykkur skápana ef þið hafið aðgang að þeim og fatahengin í anddyrinu.
- Ekki má hafa mat í prófstofu og aðeins drykki í lokuðum umbúðum.
- Lágmarkstími inn í prófi er **30** mínútur.
- Verið stundvís, tillitssöm við samnemendur ykkar og fylgið prófareglum og fyrirmælum yfirsetukennara.
- Í prófstofu þarf að ríkja alger **þögn**. Fagkennarar koma tvisvar til þrisvar í stofuna meðan á prófi stendur og ef nemandi þarf að spyrja kennara þarf að rétta upp hönd. Athugið að kennari getur ekki aðstoðað nemendur við svör eða sagt til um hvort verið er að svara rétt.
- Skólinn verður opinn aukalega helgina **17. - 18. maí frá kl. 10-18** og hægt að nýta kennslustofurnar til lestrar. Skilyrðið er að umgengnin sé góð.
- Mjög mikilvægt er að það sé **þögn í skólanum á próftíma**. Þess vegna eruð þið beðin um að safnast ekki saman í Kvosinni eftir próf. Allur hávaði getur verið mjög truflandi fyrir þá sem eftir eru í prófum. Hafið það í huga og sýnið tillitsemi.
- Fyrstu **einkunnir** birtast í INNU 23. maí.
- Prófsýningar verða 27. maí.
- Sjúkra-/forfallapróf eru 26. og 27. maí.

Endurtökupróf:

- Endurtökupróf verða haldin 2. og 3. júní. Fyrirkomulag á skráningu verður auglýst fljótlega.